

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2005, föstudaginn 16. desember hélt stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sinn 49. fund. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og hófst kl.16:00.

Viðstaddir voru Alfreð Þorsteinsson, Tryggvi Friðjónsson, Sigrún Elsa Smáradóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson og Guðmundur Páll Jónsson.

Auk þeirra sátu fundinn forstjóri Orkuveitunnar, aðstoðarforstjórar og fleiri starfsmenn Orkuveitunnar.

Fundarritari var Ólafur Jónsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagður fram samningur um sameiningu Fráveitu Akraness og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. þ.m.  
Samþykkt.
2. Lagður fram samningur um sameiningu Fráveitu Borgarfjarðarsveitar og Orkuveitu Reykjavíkur dags. 15. þ.m.  
Samþykkt.
3. Lagður fram samningur um sameiningu Fráveitu Borgarbyggðar og Orkuveitu Reykjavíkur dags.15. þ.m.  
Samþykkt.
4. Varðandi lið 1 – 3 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurnir og bókun:

#### Varðandi fráveitu

- Yfirlit yfir framkvæmdaáætlun fyrir Fráveitu í Reykjavík, Akranesi, Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit sundurliðað eftir sveitarfélögum.
- Hvaða forsendur liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin um að sinna fráveitumálum í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík?
- Stendur til að sinna fráveitumálum fyrir þau nágrannasveitarfélög Reykjavíkur sem OR þjónar með aðrar veitur?
- Arðsemiútreikninga fyrir fráveitur í fyrrnefndum sveitarfélögum.

#### Bókun vegna kaupa OR á fráveitum

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins treysta því að arðsemissjónarmið liggja til grundavallar við þessa fjárfestingu OR og samþykkja kaupin með þeim fyrirvara. Fulltrúar Sjálfstæðismanna vilja vekja athygli á því að enn og aftur er gengið frá samningum og þeir kynntir í fjölmiðlum áður en stjórn hefur fjallað um þá og samþykkt. Einnig eru gögn send til stjórnarmanna með mjög stuttum fyrirvara þvert á það sem samþykkt hefur verið.

5. Lagt fram bréf Atorku Group hf. dags. 9. þ.m. ásamt yfirtökutilboði í hlutafé Orkuveitunnar í Jarðborunum h.f.

Ennfremur var lögð fram tillaga forstjóra svohljóðandi:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að auglýsa hlutabréf Orkuveitu Reykjavíkur í Jarðborunum h.f. að nafnvirði, kr. 51.920.000.- til sölu.

Óskað skal eftir tilboðum í öll hlutabréfin. Tilboðum skal skilað eigi síðar en þriðjudaginn 10. janúar n.k. kl. 15:00.

Tillögunni fylgir greinargerð. Tillaga forstjóra samþykkt.

Samþykkt að fela forstjóra og Hjörleifi B. Kvaran að fá verðmat í hlutabréfin.

6. Lagt fram bréf Hjörleifs B. Kvaran dags. 12. þ.m. varðandi breytingar á reglugerð Orkuveitu Reykjavíkur nr. 623/2004. Breytingarnar samþykktar samhljóða.

7. Lagt fram bréf Neyðarlínunnar h.f. frá 15. f.m. þar sem kauptilboð er gert í eignarhlut Orkuveitunnar í TETRA – Ísland. Ennfremur var lagt fram bréf Þorleifs Finnssonar frá 15. þ.m. varðandi kauptilboð Neyðarlínunnar. Samþykkt að taka tilboðinu

8. Lögð fram tillaga forstjóra dags. 12. þ.m. um vatnsgjöld á sumarhúsasvæðum svohljóðandi:

Lagt er til að gjaldskrá vatnsveitu á sumarhúsasvæðum verði sem hér segir:

- Fast gjald, 3.193 krónur á matseiningu.
- Breytilegt gjald, 141 króna á fermetra.
- Vatnsgjald fari aldrei yfir 0,5% af fasteignamati og aldrei undir 15.000 krónum á ári. Vatnsgjald þetta miðast við byggingarvísitölu í desember 2004 og uppfærast samkvæmt henni í desember ár hvert.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

9. Lögð fram drög að samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Stangaveiðifélags Reykjavíkur um leigu á rétti til laxveiða á stöng í Elliðaánum árin 2006, 2007 og 2008.

Samþykkt.

10. Lagðar fram samþykktir fyrir Undirbúningsfélag Tilraunahúss.

Samþykkt að taka þátt í verkefninu enda taki HÍ og KHÍ einnig þátt í því.

11. Lagt fram bréf bæjarstjóra Borgarbyggðar frá 29. f.m. varðandi stuðning við Landnámssetur í Borgarnesi. Ennfremur minnisblað Kjartans Ragnarssonar dags. 25. f.m. varðandi Landnámssetrið.

Vísað til forstjóra til afgreiðslu.

12. Lagt fram bréf forstöðumanns Snorrastofu í Reykholti dags. 15. þ.m. varðandi fjármögnun á rekstri stofnunarinnar.  
Vísað til forstjóra til afgreiðslu.
13. Lagt fram bréf Háskólasetsins í Hveragerði dags. 30. f.m. varðandi aðild OR að Háskólasetrinu í Hveragerði.  
Vísað til forstjóra til afgreiðslu.
14. Lögð fram tillaga Tryggva Friðjónssonar svohljóðandi:

Legg til að OR beiti sér fyrir samstarfi við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík um að skapa störf innan fyrirtækisins er hentað geta fötludum.

Greinagerð:

Á undanförunum árum hefur Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík sinnt atvinnuleit í eftirfylgni fyrir fatlaða starfsmenn. Verkefnið kallast “Atvinna með stuðningi.” Verkefnið felur í sér:

- Þátttöku og þjálfun á almennum vinnumarkaði.
- Aðstoð við öflun starfa með sömu réttindum og skyldum og almennt gerist.
- Að hæfileikar einstaklingsins og starfsgeta séu höfð að leiðarljósi, en ekki fötlunin.
- Einstaklingsbundin úrræði þar sem þess er gætt að velja saman starfsmann og starf.
- Aðstoð við að mynda tengsl á vinnustað.
- Stuðning svo lengi sem þörf er á.

OR er stór vinnustaður með samfélagslegar skyldur. Vinnustaðurinn hefur risið undir þessum skyldum og sem mér er kunnugt um aðlagað störf starfsmanna sinna að breyttri starfsgetu þeirra eða jafnvel fundið þeim önnur verkefni innan fyrirtækisins.

Hér er lagt að stigið verði nýtt og þýðingarmikið skref með samstarfi við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík.

Rannsóknir hafa sýnt að með stuðningi við hæfi hafa möguleikar fatlaðra til að stunda vinnu aukist til mikilla muna. Einnig hefur mátt merkja ýmsar jákvæðar breytingar á vinnustöðum með tilkomu fatlaðra starfsmanna:

- Afköst annarra starfsmanna hafa aukist.
- Veikindaforföll og önnur fjarvera hefur minnkað.
- Samheldni og samhjálp eykst.
- Liðsheildin styrkist.
- Ímynd fyrirtækisins verður jákvæðari í huga almennings og viðskiptavina þess.

Samþykkt.

15. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn:

Spurningar vegna Gagnaveitu

Vinsamlegast upplýsið um:

- Upphaflegar fjárfestingaráætlanir Gagnaveitunnar sundurliðaðar eftir árum.
- Núverandi fjárfestingaráætlanir og hvað skýrir mismuninn?
- Forsendur sem notaðar eru til að fá fram þessar áætlanir (módelið sjálf)
- Yfirlit yfir samninga við sveitarfélög um lagningu ljósleiðara (yfirlit um nauðsynlegar fjárfestingar til að uppfylla samninga).
- Kostnað vegna (sundurliðað eftir árum):
  - Vinnu innanhús og aðkeyptri vinnu
  - Efniskostnaður
    - Hvað er keypt eftir útboð og hvað án útboðs
- Hvaðan aðkeypt vinna er fengin
- Hverjir eru verktakar Gagnaveitu?
- Hver er launaþróun og stafsmannaþróun Gagnaveitu frá upphafi, sundurliðað eftir fjölda starfsmanna og árum.

16. Kynnt voru vatnsverndarmál á Höfuðborgarsvæðinu.

17. Ákveðið að halda næsta stjórnarfund miðvikudaginn 11. janúar n.k.

**Fundi slitið kl. 18:30**

Alfreð Þorsteinsson,  
Guðlaugur Þór Þórðarson, Guðmundur Páll Jónsson, Sigrún Elsa Smáradóttir,  
Tryggvi Friðjónsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.